**Aðalfundur LÍ**
**8. og 9. nóvember 2018**

# Ályktun
# vegna stöðu mannauðsmála
# hjá heilbrigðisstofnunum

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 8. og 9. nóvember 2018 fordæmir ítrekuð brot undirstofnana heilbrigðisráðuneytisins er lúta að störfum lækna. Þessi brot hafa verið staðfest í dómum, dómssáttum og álitum umboðsmanns Alþingis. Aðalfundur LÍ telur að þessi mál lýsi stjórnunarstefnu sem hefur fengið að viðgangast óáreitt í heilbrigðiskerfinu þar sem ekki er brugðist við af stjórnvöldum þegar stjórnendur heilbrigðisstofnana verða uppvísir að ólögmætri stjórnsýslu.